

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTMANNAEYJA



VERKSVIÐ VERKÍS

- Þarfagreining rafkerfa og búnaðar
- Hönnun lagnaleiða
- Hönnun lágspennudreifingar og varaafkerfis
- Hönnun fjarskipta-, sjúkrakall- og brunaviðvörðunarkerfa
- Hönnun lýsingar og neyðarlýsingar
- Gerð útboðsgagna fyrir rafkerfi og búnað
- Ráðgjöf um innkaup á búnaði sem tilheyrir rafkerfum
- Eftirlit, prófanir og úttektir

LÝSING

Rafteikning hf. (núna VERKÍS) hannaði rafkerfi Heilbrigðisstofnunarinnar þegar báðar sjúkradeildir Stofnunarinnar voru sameinaðar á 2. hæð hússins. Á sama tíma var líka komið fyrir endurhæfingu, læknamóttöku og skrifstofum á 3. hæð í austur-álmunni.

Sjúkrakallkerfi var hannað og sett upp og lýsing, neyðarlýsing og raflagnir voru allar endurnýjaðar á þeim svæðum sem áður voru nefnd. Þá var einnig hannað brunaviðvörðunarkerfi í allt húsið.

ALMENNT UM VERKIÐ

Húsnæði Heilbrigðisstofnunarinnar sem er í tveimur álmum á fjórum hæðum var byggt í áföngum frá 1962 til 1974. Flutt var inn í heilsugæslustöðina sem er sambyggð sjúkrahúsinu árið 1971 og allt húsið var tekið í notkun að loknu gosi haustið 1974. Síðan hefur verið unnið að endurbótum. Á árunum 1989 – 1995 var húsið tekið í gegn að utan. Á árunum 2000-2001 voru báðar sjúkradeildir stofnunarinnar sameinaðar á 2. hæð hússins og komið fyrir endurhæfingu, læknamóttöku og skrifstofum á 3. hæð í austur álmunni.

LYKILUPPLÝSINGAR

Stærð:

4.000 m²

Fjöldi sjúkrarúma:

35 legupláss

Byggingartími:

1962 - 1974

Byggingarefni:

Járnbent steinsteypa, staðsteypt

Rafdreifikerfi:

250 A heimtaug
Varavél fyrir húsið
Rafbakhjarlar fyrir nauðsynleg rými og búnað

Þjónusta:

- Heilsugæsla
- Bráðamóttaka
- Legudeild
- Skurð- og svæfingardeild
- Dagdeild
- Fæðingardeild
- Rannsóknardeild

